

Breytingartillaga

við frumvarp til fjárukalaga fyrir árið 2020, sbr. lög nr. 26/2020.

Frá Jóni Steindóri Valdimarssyni.

1. Á undan *Sundurliðun 1* kemur ný grein, svohljóðandi: Liðurinn **121 Tryggingagjöld vegna almennatrygginga** í *sundurliðun 1* í fjárlögum fyrir árið 2020 lækki um 11 milljarða kr.

07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar

2. Við **07.10 Vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknnum**

02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti

a. Heildarfjárheimild	650,0	650,0
b. <i>Fjárfestingarframlög</i>	650,0	650,0
<i>04 Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti</i>		
a. Heildarfjárheimild	600,0	600,0
b. <i>Fjárfestingarframlög</i>	600,0	600,0

11 Samgöngu- og fjarskiptamál

3. Við **11.10 Samgöngur**

10 Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti

a. Heildarfjárheimild	5.000,0	5.000,0
b. <i>Fjárfestingarframlög</i>	5.000,0	5.000,0

30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi

4. Við **30.10 Vinnumál og atvinnuleysi**

07 Félagsmálaráðuneyti

a. Heildarfjárheimild	4.200,0	1.000,0	5.200,0
b. <i>Framlag úr ríkissjóði</i>	4.200,0	1.000,0	5.200,0

Greinargerð.

Gerð er tillaga um að Rannsóknasjóður fái 600 millj. kr. framlag, Tækniþróunarsjóður 600 millj. kr. og Innviðasjóður 50 millj. kr.

Vegagerðinni verði falið að hefja hönnun, undirbúning útboða og flýtingu verkefna sem unnt er að ráðast í á næstu tveimur árum (2,5 milljarðar kr.). Þá er gerð tillaga um framlag til þess að flýta framkvæmdum við Borgarlínu og framkvæmdum vegna skipulagsmála á höfuðborgarsvæðinu og göngu- og hjólastíga (2,5 milljarðar kr.).

Loks er lagt til að framlag til sumarstarfa námsmanna verði 3,2 milljarðar kr. og gildis- sviðið verði útvíkkað þannig að það nái einnig til almenna markaðarins. Þannig verða til fleiri og fjölbreyttari störf.